


Alþingi
Erindi nr. Þ 131/340
komudagur 2.12.2004



HITAVEITA
SUÐURNESJA HF.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

NIJARDVÍK, 30. nóvember 2004

Varðar: Umsögn Hitaveitu Suðurnesja hf um þingsályktunartillögu “um forræði yfir ~~rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma~~” (og frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum).

Hitaveita Suðurnesja hf (HS hf) er alfarið mótfallinn þeirri tillögu að forræði rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma flytjist frá iðnaðarráðherra til umhverfisráðherra.

Í greinargerð með tillögunni kemur m.a. fram að “fráleitt verði að teljast að forræði þessa máls verði áfram á hendi eins af atvinnumálaráðuneytunum sem eðli máls samkvamt hefur nýtingar- og framkvæmdaáform í fyrirrúmi.” Þessu er HS hf algjörlega ósammála og telur í reynd nauðsynlegt að önnur sjónarmið en hörðustu umhverfissjónarmið ráði ferð, eins og búast má við ef forræðið er alfarið í höndum umhverfisráðuneytis og undirstofnana þess. Af tillögunni mætti ætla, að með forræði iðnaðarráðuneytis yfir rammaáætluninni geti ráðuneytið gefið út rannsóknar- og nýtingarleyfi án þess að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða. Þetta er alrangt. Með ítarlegum lagabálki um umhverfismál o.fl. er tryggt, að leggja þarf í tímafrekan, umfangsmikinn, flókin og kostnaðarsaman feril áður en nánast nokkrar rannsóknir, hvað þá framkvæmdir, geta átt sér stað. Aðkoma sjónarmiða umhverfisverndar eru því afskapleg vel tryggð og ástæðulaust að samþykka tillöguna sem helst virðist miða að því að þau sjónarmið verði þau einu sem komast að í umræðunni.

Varðandi frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög þá vísar HS hf til umsagnar Samorku og gerir hana að sinni.

Virðingarfyllst,

F.h. Hitaveitu Suðurnesja hf


Júlíus Jónsson
forstjóri